

Kæru fjölskyldur

Undanfarnar hefur starfsfólk skólans unnið ótullega í að taka upp nýtt leikskólakerfi.


Kerfið heitir Karellen og hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um það á www.karellen.is. Með nýju kerfi mun upplýsingaflæði og samskipti milli skóla og heimilis eflast.

Samhliða munum við taka upp nýja heimasíðu, **tjarnarsel.is**


Inni á nýrri heimasíðu skólans finnið þið innskráningartakka sem leiðir ykkur inn á innskráningarsíðu Karellen → Til þess að fá aðgang að innra kerfinu, biðjum við ykkur að smella á 'Virkja aðgang' og skrá netfangið ykkar sem er skráð hjá skólanum.

Þá fáið þið sendan tölvupóst með slóð, smellið á slóðina til þess að virkja aðganginn ykkar (ath. hann gæti farið í ruslpóstinn) þá fáið þið upp valmöguleikann að búa til lykilorð. Ef pósturinn berst ekki, hafið þá samband við stjórnendur skólans.

Auk þess að hafa aðgang að innra kerfinu í gegnum vefsíðu er app sem að við mælum með að þið náið í. Hægt er að nálgast appið á App store og í Google play.



Aðgangur aðstandanda í innra kerfinu og appinu gefur yfirsýn og upplýsingar um dag barnsins í skólanum:



- Viðveruskráningar.
- máltíðarskráningar á yngstu deildunum.
- Svefnskráningar á yngstu deildunum.
- matseðill vikunnar.
- Viðburðardagatal.
- samtal milli aðstandenda og skólans.
- myndir frá leikskólasterfinu.

Aðstandendur hafa þann möguleika að skrá leyfi og veikindi barnsins í gegnum kerfið.

Hlökkum til að deila með ykkur þessum nýjungum í leikskólasterfinu og vonum að kerfið muni nýtast fyrst og fremst til að efla upplýsingaflæði og frekari samskipti milli heimilis og skóla.

